

margt smátt ...

3. tbl. 2017



Hjálparstarf kirkjunnar
actalliance

Skref fyrir skref komumst við nær markinu!

Að útrýma fátækt í heiminum fyrir árið 2030 er háleitt markmið sem þjóðarleiðtogar hafa samþykkt með Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna frá 2015. Áskoranirnar eru risavaxnar og margslungnar; ójöfnuður innan og milli samfélaga, loftslagsbreytingar, vatnsskortur, fæðuöryggi, vannæring og ófriður sem hrekur sífellt fleiri á flótta frá heimkynnum sínum.

Á alþjóðavettvangi hafa íslensk stjórnvöld ákveðið að vinna sérstaklega að markmiðinu með þróunarsamvinnu við fátækari ríki á grundvelli jafnréttis og sjálfbærrar þróunar. Þannig stuðla Íslendingar að bættum lífsskilyrðum og auknum tækifærum fólks með því að hjálpa til við að byggja sterkari félagslega innviði, bæta fæðuöryggi og stuðla að hagþróun.

Hjálparstarf kirkjunnar er sjálfseignarstofnun í þriðja geiranum en í honum eru borgarasamtök sem vinna að almannahag án hagnaðarsjónarmiða. Íslensk stjórnvöld vinna með samtökunum að heimsmarkmiðunum meðal annars með fjárstuðningi við verkefni á þeirra vegum hvort sem það er innanlands eða á alþjóðavettvangi.

Sérstaða Hjálparstarfs kirkjunnar er að vera kirkjutengd stofnun sem byggir á grasrótastarfi í nærsamfélaginu. Innanlands starfa félagsráðgjafar Hjálparstarfsins með prestum og djáknum, félagsþjónustu sveitarfélaga, öðrum hjálparstökum, stofnunum og ráðuneytum að úrlausn verkefna en ekkert er skipulagt án þess að notendur þjónustunnar séu hafðir með í ráðum.

Í mannúðaraðstoð og þróunarsamvinnu liggur styrkur Hjálparstarfsins í samvinnu við hjálparstofnanir sem þekkja staðhætti á verkefnasvæðum. Þær þekkja söguna og menninguna en það auðveldar skipulagningu og útfærslu aðstoðar. Þær eru jafnframt áfram á svæðinu eftir að alþjóðlegri aðstoð lýkur og geta mælt árangur hennar. Þá er alþjóðlegt hjálparstarf kirkna unnið í náinni samvinnu við hjálparstofnanir Sameinuðu þjóðanna og eftir ströngustu stöðlum um faglegt hjálparstarf.

Hjálparstarf kirkjunnar á Íslandi er lítil stofnun í stóra samhenginu en hún nýtur þess að hennar helsti samstarfsaðili í þróunarsamvinnu er Lútherska heimssambandið, LWF DWS, en fleiri en 2,7 milljónir jarðarbúa nutu aðstoðar þess á árinu 2016.

Langstærsta þróunarsamvinnuverkefni Hjálparstarfsins er með fátækum sjálfsþurftarbændum á harðbýlum þurrkasvæðum í Eþíópíu. Á þessu ári lýkur verkefni í Jijiga- og Tuluguladehéruðum í Sómalífylki en á næsta ári hefst sams konar verkefni í nágrennahéraðinu Kebri Beyah. Markmið með samvinnunni, hér eftir sem hingað til, eru bætt og sjálfbær lífskjör, aukið jafnrétti og aukin geta samfélagsins til að takast á við hamfarir.

Rétt eins og Hjálparstarfið og aðrir framkvæmdaraðilar íslenskrar þróunarsamvinnu færa sig um set þegar árangur hefur náðst á einum stað til hins næsta þar sem aðstoðar er þörf gera stjórnvöld og hjálparstök annarra þjóða það líka. Þegar við tökum öll eitt skref í einu, frá einu héraði til þess næsta, náum við markmiðinu um farsæla veröld. Við þurfum bara að taka þessi skref!



*Kristín Ólafsdóttir,
fræðslufulltrúi
Hjálparstarfs kirkjunnar*

margt smátt ... gerir eitt stórt

3. tbl. 29. árg. október 2017.

Fréttablaðið margt smátt... kemur út 2-4 sinnum á ári og er sent endurgjaldslaust til styrktarmanna, presta, sóknarnefnda, skóla, fjölmiðla, bókasafna og annarra velunnara blaðsins.

**Láttu okkur vita
viljir þú fría áskrift.**

Útgefandi: Hjálparstarf kirkjunnar, Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík.

Framkvæmdastjóri: Bjarni Gíslason.

Skrifstofan er opin virka daga kl. 8:00 - 16:00.

Síminn er 528 4400 og bréfsími 528 4401.

Ritstjóri: Kristín Ólafsdóttir; ábm., kristin@help.is

Forsíðumynd: Þorkell Þorkelsson ljósmyndari tók myndina á verkefnasvæði Hjálparstarfs kirkjunnar í Jijiga í Eþíópíu í desember 2016. Þorkell tók einnig myndir á bls. 4-9 og 11.

Myndir: Þorkell Þorkelsson ljósmyndari og Hjálparstarf kirkjunnar.

Prentvinnsla: Litróf - Umhverfisvottuð prentsmiðja

Framlögum til verkefna Hjálparstarfs kirkjunnar má koma til skila í bönkum og sparisjóðum, til skrifstofunnar, í gegnum www.help.is og www.framlag.is. Gjafabréf fást á www.gjofsemgefur.is.

Reikningar sem leggja má inn á:

0334-26-27 fyrir verkefni innanlands, kt. 450670-0499.

0334-26-050886 fyrir verkefni erlendis, kt. 450670-0499.

Fátækt

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna númer eitt miðar að því að útrýma sárri fátækt sem samkvæmt skilgreiningu Alþjóðabankans er þegar fólk hefur minna en 1,9 bandaríkjadala til að lifa á dag hvern. Árið 2013 bjuggu 767 milljónir jarðarbúa við sára fátækt. Meira en helmingur þeirra eða 389 milljónir bjuggu í Afríku sunnan Sahara. Flestir sárafátækra störfuðu við landbúnað í dreifbýli, meira en helmingur þeirra var yngri en 18 ára og höfðu ekki átt kost á skólagöngu.

Af hverju er Hjálparstarf kirkjunnar í þróunarsamvinnu í Eþíópíu?

Eþíópía er eitt af fátækustu ríkjum heims, númer 174 á lista 188 ríkja á lífskjaralista Sameinuðu þjóðanna (samkvæmt skýrslu frá mars 2017).

Eþíópía er næstfölmennasta ríki Afríku með 94,4 milljónir íbúa. Um 45% þjóðarinnar er yngri en 15 ára og nær þriðjungur hennar er yngri en 24 ára að aldri.

Langflestir íbúanna, eða um 80%, búa í dreifbýli og hafa lífbrauð sitt af landbúnaði sem er háður úrkomu sem aftur er af skornum skammti. Aðstæður þeirra sem búa í dreifbýli eru mun lélegri en þeirra sem búa í þéttbýli.

Flóttafólk frá ofríðarsvæðum í nágrennaríkjum streymir til landsins. Eþíópía er það ríki í Afríku sem hefur tekið á móti flestu flóttafólki og hýsir nú um 733.000 flóttamenn.

Landeyðing og uppskerubrestur í landinu eru að hluta til rakin til loftslagsbreytinga. Þurrkar eru tíðir og regntíminn ótryggur



þar sem veðurfar er að breytast. Fleiri en tíu milljónir íbúa þurftu utanaðkomandi neyðaraðstoð vegna þurrka og uppskerubrests árið 2016.

Sú jákvæða þróun hefur átt sér stað undanfarinn áratug að um 10% hagvöxtur hefur verið í landinu og þeim sem búa við sára fátækt hefur fækkað hlutfallslega. Um 55% þjóðarinnar höfðu minna en 1,9 USD úr að spila dag hvern árið 2000 samanborið við 33% eða um 30 milljónir íbúa árið 2011.

Alþjóðabankinn segir stjórnvöld í landinu hafa náð góðum árangri í því að draga úr fátækt í samfélaginu en að enn sé þó langt í land til þess að markmið stjórnvalda náist um að Eþíópía komast í hóp lægri-meðaltekjuríkja á lífskjaralista Sameinuðu þjóðanna fyrir árið 2025.

Hjálparstarf kirkjunnar starfar með sárafátækum sjálfsþurftarþændum í afskekktu Sómalífylki sem er eitt af fjórum fátækustu fylkjum í Eþíópíu. Grunnstoðir samfélagsins eru veikar og tíðir þurrkar valda þar viðvarandi matarskort og vannæringu. Með því að tryggja fólkinu aðgengi að drykkjarhæfu vatni, hjálpa því til sjálfbærni í landbúnaði og stuðla að auknu jafnrétti leggur Hjálparstarfið lóð sín á vogarskálarnar til að heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og útrýmingu fátæktar náist fyrir árið 2030.

margt smátt ... þakkar stuðninginn

REYKJAVÍK

A. Margeirsson ehf
Aðalblíkk ehf
Aðalvík ehf
Arctica Finance hf
ARGOS ehf-Arkitektastofa Grétars og Stefáns
Arka heilsuvörur ehf
Arkitektastofan OG ehf
Arkís arkitektar ehf
ASK Arkitektar ehf
Auglýsingastofan ENNEMM
Áltak ehf
ÁM-ferðir ehf
Árbæjarapótek ehf
Ásbjörn Ólafsson ehf
ÁTVR Vínubúðir
Bending 1 ehf
Bilamálun Sigursveins Sigurðssonar

Bilasmíðurinn hf
Bjarnar ehf
Blómabúðin Hlíðablóm
Bókabúðin Sjónarilind
Bókhaldsstofa Arnar Ingólfssonar ehf
Bókhaldsstofa Haraldar slf
Bókhaldsþjónustan Vík
Bólstrarinn ehf
Bónstöðin hjá Jobba ehf
Brúskur hársnyrtistofa, s: 587 7900
CATO Lögmenn ehf
Couture, fataverslun
Danica sjávarafurðir ehf
Durum restaurant & take away
Dýralæknastofa Reykjavíkur ehf
Efnalaugin Björg
EG Skrifstofuhúsgögn ehf
Eignaumsjón hf
Endurskoðun og reikningshald ehf

Ernst & Young ehf
Félag tanntækna og aðstoðarfólks tannlækna
Fiskmarkaðurinn ehf
Fjallamenn-Mountaineers of Iceland
Fjárhald ehf
Fjeldsted & Blöndal lögmennsstofa slf
Fljótavík ehf
Formverk
Fossberg ehf
Fótaaðgerðastofan frískir fætur
Gagarín ehf
Garðs Apótek ehf
GÁ húsgögn ehf
GB Tjónavíðgerðir ehf
Geiri ehf, umboðs- og heildverslun
Gjögur hf
Gróðrarstöðin Mörk
Guðmundur Arason ehf, smíðajárn

Gullsmíðurinn í Mjódd
Hagi ehf-Hilti
Hagvangur ehf
Handþrjónasamband Íslands svf
Hár Class hársnyrtistofa
Hármiðstöðin
Háskólinn í Reykjavík
Heggur ehf
Heildverslunin Rún ehf
Herrafataverslun Birgis ehf
Heyrnar og talmeinaætt Íslands
Hitastýring hf
Hjá Hrafnhildi
Hjúkrunarheimilið Skjól
Hollt og gott ehf
Hótel Leifur Eiríksson ehf
Hótel Örkin, sjómannaheimili
Hreinsitækni ehf
Hreyfimyndasmiðjan ehf

Hugbúnaður hf
Húsaklæðning ehf-www.husco.is
Hverfisgalleri
Höfðakaffi ehf
Höfði fasteignasala
IBH ehf
IG Ferðir ehf
Ísbúð Vesturbæjar ehf
Ísbúðin Erluis
Íslenski barinn ehf
Íslenskir fjárfestar hf
Ísold ehf
Íþróttasamband fatlaðra
K. H. G. Þjónustan ehf
K.F.Ó. ehf
K.F.O. ehf
Kemi ehf-www.kemi.is
Kjaran ehf
Kjöthöllin ehf



Þegar fólk hefur aðgengi að drykkjarhæfu vatni nálægt heimili sínu getur það sinnt öðru en að fara eftir því um langan veg. Á verkefnasvæðum Hjálparstarfsins þar sem brunnar og vatnsþrær tryggja aðgengi að vatni þurfa konur og stúlkur nú aðeins að nota um 15 mínútur til að fara eftir vatni í stað þriggja klukkustunda áður.

Aðgengi að drykkjarhæfu vatni er grunnforsenda fyrir farsæld

Sómálífylki þekur 144 þúsund ferkílómetra sem eru að mestu á flötu, heitu og þurru láglandi. Þar búa yfir 5,7 milljónir sjálfsþurftarbænda og hálfhirðingja. Búfjárrækt með kameldýr, kindur, geitur og nautgripi er undirstöðuatvinnugrein í fylkinu en þar sem skilyrði eru til er einnig ræktað maís, hirsí, hveiti og bygg.

Mikill vatnsskortur í fylkinu hefur valdið því að fólkið er fast í vítahring fátæktar. Ekki er hægt að stóla á að rigni á regntímanum og þurrkar eru tíðir. Dýrin fá ekki nægt vatn og ástand þeirra er lélagt og dýralæknaþjónusta er stopul. Fólkið getur ekki fjárfest í tækjum og tólum vegna fátæktar og því eru ræktunaraðferðir í jarðrækt takmarkaðar og uppskeran verður rýr. Vatnsskorturinn hefur þannig leitt til þess að fæðuöryggi er mjög takmarkað og lífsskilyrði íbúanna eru slæm.

Undanfarin tíu ár hefur Hjálparstarf kirkjunnar starfað með sjálfsþurftarbændum í fylkinu og fært sig frá einu héraði þegar árangur hefur náðst þar til hins næsta þar sem aðstoðar er þörf.

Árið 2016 voru grafnar þrjár vatnsþrær eða birkur eins og heimamenn kalla þær. Grafið var fyrir tveimur brunnum og gert við fjóra gamla brunna og birkur. Loks voru rör og rennur sett á þak skólabyggingar yfir í vatnssöfnunartank sem byggður var. Þannig var drykkjarvatn tryggt fyrir um 12.700 manns og 4.300 skepnur á síðasta ári.

margt smátt ... þakkar stuðninginn

Klettur-Skipaafgreiðsla ehf
KOM almannaþengsl
Kopar & Zink ehf
Kvika ehf Grafísk hönnun
Lagnalagerinn ehf
Landssamband lögreglumanna
Landssamtök lífeyrissjóða
Lásáþjónustan ehf
Lifandi vísindi
Litróf ehf
Local-www.localsalad.is
LOG lögmansstofa sf
Lögfræðiþjónusta Sigurðar
Sigurjónssonar hrl
Lögmannafélag Íslands
Lögmannsstofa Jóns G Briem hrl
Löndun ehf
Magnús og Steingrímur ehf
Margt smátt ehf

MD vélar ehf-www.mdvelar.is
Meba- úr og skart
Milla ehf
N 32 ehf
Nauthóll bistro
Neshamar ehf
Nýi ökuskólinn ehf
Nýtt Skil slf
Orka ehf
Ottó B. Amar ehf
Ósal ehf
Páll V Einarsson slf
Plast - miðar og tæki ehf
Plastco ehf
Rafsvið sf
Raftíðni ehf
Rarik ehf
Ratsjá ehf
Regla - netbókhalderfi

Réttur - ráðgjöf & málflytningur
Rima Apótek
Rolf Johansen & Co ehf
S.G. Þjónustan ehf
Salatbarinn Buffet Restaurant
SALON VEH
Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja-SSF
Scanmar á Íslandi ehf
Shalimar, Pakistanska veitingahúsið
Sjávargrillið ehf
Skjólverk ehf
Skóarinn í Kringlunni ehf
SM kvótapij ehf
Smith og Norland hf
Smiðaðþjónustan ehf
Snyrtistofan Gyðjan ehf
Sólbaðstofan Smart ehf
Sprinkler pípuþjón ehf
Spór ehf, auglýsingastofa

Stansverk ehf
Styrja ehf
Suzuki bílar hf
Söluturninn Víkivaki
Söngskólinn í Reykjavík
Tannlæknar Mjódd ehf
Tannlæknastofa Egils Kolbeinssonar
Tannlæknastofa Geirs A Zoega
Tannlæknastofa Sigurjóns Arnlaugssonar ehf
Tannlæknastofa Tómasar Einarssonar
Tannréttingar sf
Tannval Kristínar Gíggju
Teiknistofa Gunnars Hanssonar
The Cocoo's Nest
THG Arkitektar ehf
Tónmenntaskóli Reykjavíkur
Trackwell hf
Trausti Sigurðsson tannlæknir
TRESX-Höfperðamiðstöðin

Trésmíðja GKS ehf
Trésmíðja Magnúsar F. Jónssonar ehf
Tækniskólinn - skóli atvinnulífsins
Tækniwerk - Hár og heilsa
Tösku- og hanskabúðin ehf
Urðarapótek ehf
VA arkitektar ehf
Vagnar og þjónusta ehf
Varmi ehf
Verkengi ehf
Verkfræðistofan VIK ehf
Verksýn ehf-www.verksyn.is
Verslunin Brynja ehf
Verslunin Rangá
Vilhjálmsson sf, hieldverslun
VM - Félag vélstjóra og málmþaknimanna
Vottunarstofan Tún ehf, vottun sjálfþærra náttúru nytja



Dýraliðar sem fengið hafa þjálfun í verkefni Hjálparstarfsins höfðu bólusett 379.952 dýr fyrstu sex mánuði ársins 2017 og gefið lyf vegna dýrasjúkdóma fyrir 96.815 dýr.



Fyrstu sex mánuði þessa árs fóru átta dýraliðar og 130 bændur á námskeið um dýrasjúkdóma og smitleiðir þeirra. Með fræðslu og rétttri meðferð við sjúkdómum hefur tekist að bæta ástand bústofnsins og þar með lífsskilyrði fólksins.



Þegar regnvatn er komið í birkurnar við þorpin geta dýrahirðar brynt dýrunum án þess að fara lengra en einn kílómetra í burtu heiman frá. Vatnið í birkunum dugar oft langt inn í þurkkatímann en nota þarf vatnshreinsitöflur áður en fólk drekkur vatnið úr þeim.



Dýrmætur tími sparast við það að reisa vatnssöfnunartank við skólabyggingu. Tankurinn tryggir nemendum drykkjarhæft vatn á skólatímanum og þeir geta einbeitt sér að náminu.



Grafið er fyrir vatnsþrótt eða birkum eins og heimamenn kalla þær til þess að safna rigningrvatni yfir regntímann. Birkurnar eru múrsteins-hlaðnar og múraðar tröppur ná niður á botn þeirra. Birkurnar eru hlaðnar á svæðum þar sem mjög djúpt er niður á grunnvatn og of dýrt reynist að grafa þar eftir vatni til brunnagerðar því til þess þarf stórvirkar vinnuvélar sem flytja þarf um langan veg á svæðið.



www.icewear.is



Konurnar sjá um að elda matinn og bera hann oft um langan veg til eiginmanna sinna þar sem þeir eru með dýrin eða við jarðyrkju.

Valdaleysi kvenna hamlar framförum

Jafnrétti kynjanna er ábótavant í Sómalífylki en ójafnréttið má rekja til rótgróinnar menningar á svæðinu. Konur eru háðar ákvörðunum eiginmanna sinna um flest í daglegu lífi. Þær sjá hins vegar um að selja framleiðslu fjölskyldunnar á markaði, um eldamennskuna, um að sækja eldivið og vatn ásamt því að sjá um börnin.

Konurnar hafa ekki völd til að taka ákvarðanir um landnotkun, búfénað eða fjármál heimilisins. Þær fá hvorki tilboð um þjálfun eða fræðslu frá stjórnvöldum né heldur sæti við ákvarðanatökuborðið um sveitarstjórnarmál. Konur hafa heldur ekki aðgengi að fjármagni til að hefja eigin atvinnurekstur. Þetta valdaleysi kvennanna í fylkinu hefur neikvæð áhrif á heilsu og lífsafkomu kvennanna, fjölskyldna þeirra og þar með samfélagsins alls.



Konurnar nota eldivið við matreiðslu. Þegar hann brennur fyllir reykurinn loftið inni í hústjöldunum og því eru öndunarsjúkdómar algengir.

6

margt smátt ... þakkar stuðninginn

Yrki arkitektar ehf
Z - brautir og gluggatjöld
Porsteinn Bergmann ehf
Þvottahúsið A. Smith ehf
Ökumennt ehf
Örninn ehf

SELTJARNARNES
Borgarblöð ehf

KÓPAVOGUR
ALARK arkitektar ehf
Atlantic Tank Storage ehf
Automatic ehf, heildverslun
Bifreiðaverkstæði Kópavogs ehf
Bifreiðaverkstæðið Stimpill ehf
Bilaklæðningar hf
Bilaþvottastöðin Lindin ehf
Blikkform ehf

Blikksmiðjan Vik ehf
BSA varahlutir ehf
Byggðabjónustan bókhald og ráðgjöf
dk hugbúnaður ehf., dk.is
Exton ehf
Fasteignamiðstöðin ehf
Fossar, tryggingar og ráðgjöf ehf
Frikirkjan Kefas
GG Sport
goddi.is
GSG ehf
Guðjón Gíslason, dúklagningameistarar
Hákon Bjarnason ehf
Hilmar Bjarnason ehf, rafverktaki
Hjörtur Eiríksson sf
Húsfélagabjónustan ehf
Iðnaðarlausnir ehf
Iðnvélar ehf
Ingi hóperðir ehf

Inkasso ehf
Ísfix ehf
Íshúsið ehf
Íslenskt sjávarfang ehf
JÓ lagnir sf
JS ljósmiðjan - Sláttuvélamarkaðurinn
JS-hús ehf
Kraftvélar ehf
Lindakirkja
Línan ehf
Mannrækt og menntun ehf
Margmiðlun ehf
Nobex ehf
Rafholt ehf
Rafvirkni ehf
Skilaborg ehf bókhaldsbjónusta
Slökkvitækjabjónustan ehf
Sports Direct
Vetrarsól ehf, verslun

Visitor, ferðabókunarbjónusta

GARÐABÆR

Aflbinding-Járnverktakar ehf
AP-Þrif ehf
Árvík hf
Engilbert ÓH Snorrason tannlæknastofa sf
Fagval ehf
Fjallatindar ehf
Garðabær
Garðasókn
Geislataekni ehf-Laser-bjónustan
Hagræð ehf
Íslandslyftur ehf
Jármsmiðja Óðins
Samhentir
Úranus ehf
Val - Ás ehf
Vélsmiðja Þorgeirs ehf.

Vörku kaup ehf, heildverslun
Öryggisgjörðingar ehf

HAFNARFJÖRDUR

Aflhlutir ehf
Alexander Ólafsson ehf
Allianz á Íslandi hf
barak.is
Barkasúða Guðmundar ehf
Bíllaleiga Route 1 Car Rental
Bókhaldsstofan ehf
Dverghamrar ehf
Einar í Bjarnabæ ehf
Eldvarnarbjónustan ehf
EÓ-Tréverk sf
Fagstál ehf
Fókus-vel að merkja ehf
G.S. múrverk ehf
gardyrkjan.is



Það er í verkahring kvenna og stúlkna að sækja vatn og eldivið. Áður en brunnur eða birka eru grafin við þorpið þurfa konurnar að ganga í allt að þrjár klukkustundir eftir vatni.



Karlarnir taka flestar ákvarðanir um samfélagsmál. Þeir eiga dýrin og landið.



Konurnar sjá um að þrifa og þvo þvotta.



Það er í verkahring drengja og karla að fara með búfénaðinn að vatnsbólum og á grösug svæði, oft í mikilli fjarlægð frá þorpinu.



Konurnar fara með framleiðsluna á markað og bera matarföng heim.



Konurnar bera ábyrgð á að fæða og klæða börnin, þvo þeim og koma í skólann.



Brugðist við vatnsskort sem rekja má til loftslagsbreytinga

Óstöðugt tíðarfar og stopular rigningar á regntíma í Sómalífylki eru að hluta til rakin til loftslagsbreytinga á heimsvísu. Í Parísarsamningnum um loftslagsmál frá 2016 er viðurkennt að bregðast þurfi við skaða sem fátæk ríki hafa orðið fyrir vegna neikvæðra áhrifa loftslagsbreytinga, bæði með því að draga úr líkum á skaða og eins með því að bregðast við því tjóni sem þær hafa nú þegar valdið.



Stór þáttur í verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Sómalífylki snýr að því að aðstoða bændur við að bæta aðferðir í landbúnaði til að auka uppskeruna og veita fræðslu um mikilvægi umhverfisverndar og gildi hennar fyrir sjálfbæra lífnaðarhætti.



Bændur (bæðir karlar og konur) sem taka þátt í verkefni Hjálparstarfsins hafa hlotið fræðslu og þjálfun í nútímaræktunar- aðferðum, öflugri verkfæri og dráttardýr til að setja fyrir plóga. Með þessari aðstoð hafa bændurnir getað þrefaldað framleiðsluna á landskika sínum en áður plægðu þeir með haka eða biðu þess að geta leigt uxa af betur stöddum nágrönnum en þá var tími þeirra til að plægja oft af skornum skammti.

Til að bregðast við afleiðingum stopullar rigningar á regntímanum fá bændur korntegundir sem þola þurrka betur en þær sem áður voru notaðar. Bændurnir fá einnig trjágræðlinga í ræktunarstöðvum verkefnisins en með gróðursetningu þeirra er vatn bundið í jarðveginum og þannig mynda trén skilyrði fyrir aðra ræktun.

8

margt smátt ... þakkar stuðninginn

Gunnars mæjónes ehf
H. Jacobsen
Hafnarfjarðarhöfn
Hagstál ehf
Hagtak hf
Harbourfront Guesthouse ehf
Heimir og Jens ehf
Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð
Jarðfræðistofan ehf
Kjartan Guðjónsson, tannlæknir
Kú Kú Campers ehf
Kæling ehf
Lava Hostel
Markus Lífenet
Matbær ehf
Meda Miðlun slf
Nonni Gull
Partar ehf, bílapartasala
Pálmar Sigurðsson

Rafgeymasalan ehf
Stoðtækni ehf
Sæli ehf
ThorShip
Trefjar ehf
Umbúðamiðlun ehf
Verkalýðsfélagið Hlíf
www.barak.is
www.gardyrkjan.is

REYKJANESBÆR
Ásberg fasteignasala ehf
Bókhalds og rekstrar-
þjónusta Gunnars Þórarinssonar
Dacoda ehf
Hópfærðir Sævars, s: 421 4444
IGS ehf Keflavíkflugvelli
Lyfta ehf
M² Fasteignasala & Leigumíðlun

Nesraf ehf
Plastgerð Suðurnesja ehf
Plexigler ehf
Reiknistofa fiskmarkaða hf
Rörlagningamaðurinn ehf
Rörvirki sf
SBK ehf
Skipting ehf
Skólamatur ehf
Skólar ehf
Toyota Reykjanesbæ
Útfararþjónusta Suðurnesja

GRINDAVÍK
E.P. verk ehf
EVH verktakar ehf
Hópsnes ehf
TG raf ehf

SANDGERÐI
Stafré ehf

GARÐUR
Aukin Ökuréttindi ehf
SI raflagnir ehf
Sveitarfélagið Garður

MOSFELLSBÆR
Álguggar JG ehf
Bílamálinun Örminn ehf
Dalsbú ehf
Fagverk verktakar sf
Kvenfélag Kjósarhrepps
María Norðdahl
Matfugl ehf
Mosfellsbakari
Vélsmiðjan Sveinn ehf
Ævintýri ehf, hópfærðabílar

AKRANES
Bilasala Akraness ehf - Bílás
Bilver, bílaverkstæði ehf
Fasteignasalan Háket
Fasteignasalan Háket, Kirkjubraut
& Borgartúni Reykjavík
Galito veitingastaður
Gámaþjónusta Vesturlands ehf
Gjafavörverslunin @Home
Skipaskagi ehf
Spölnur ehf-Hvalfjarðargöng
Straumnes ehf, rafverktakar
Tannlæknastofan 2 Gómar ehf
Vélsmiðja Ólafs R Guðjónssonar ehf
Þorgeir og Ellert hf

BORGARNES
B. Björnsson ehf
Borgarbyggð

Sjálfstæðar konur eru lykillinn að sterku samfélagi



Stór þáttur í verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Sómalífylki í Eþíópíu er að stuðla að auknu valdi og áhrifum kvenna, samfélaginu öllu til farsældar. Síðan árið 2014 hafa um 400 konur tekið þátt í tuttugu sparnaðar- og lánaþópum kvenna sem eru starfandi nú. Konurnar hafa fengið fræðslu um það hvernig koma má auga á arðbærar viðskiptahugmyndir, hvar og hvenær er best að stunda mismunandi viðskipti og upplýsingar um sparnaðarleiðir og lánamöguleika. Konur sem hafa áhuga á að hefja atvinnurekstur fá tækifæri með því að vinna saman í hópum sem bera sameiginlega ábyrgð á verkefnum.

Konurnar hafa fengið fræðslu og lán en hver og ein fær sem svarar um 22.000 krónum til að hefja atvinnurekstur svo sem geitarækt, laukrækt og smáverslunarrekstur. Konurnar greiða lánin til baka og nota síðan tekjur af rekstrinum til þess að greiða kostnað við skólagöngu barna sinna og til þess að kaupa dagvöru, fatnað og nytjahluti fyrir heimilið. Síðast en ekki síst hafa tekjurnar nýst til að kaupa vatn yfir versta þurrkatímann. Til þess að ýta undir breytingar er jafnframt fundað með skoðanaleiðtogum í fylkinu um leiðir til að afnema skaðlegar venjur eins og limlestingar á kynfærum kvenna og það að gefa stúlkur barnungar í hjónaband.

Þegar stúlkur þurfa ekki lengur að fara um langan veg eftir vatni dag hvern gefst þeim tími til að fara í skólann. Eftir því sem stúlkur eru lengur í skóla því seinna á lífsleiðinni eignast þær börn. Því seinna sem þær eignast börn því betra er heilsufar þeirra og barnanna. Bætt aðgengi að hreinu vatni er því þýðingarmikið fyrir stúlkurnar á þurrkasvæðum í Sómalífylki.



Konur sem hafa tekið þátt í fræðslu- og lánaþópum í verkefni Hjálparstarfsins hafa margar hverjar opnað smávöruverslanir. Þær ráða sjálfar yfir tekjunum af rekstrinum og hafa notað þær til þess að sjá börnum sínum farborða, sjá þeim fyrir námsgögnum og kaupa lyf þegar þarf. Valdefling kvenna stuðlar þannig að farsælu samfélagi.

samskip

keldan

init

Domino's

BRIM
SEAFOOD

GARÐHEIMAR
Stekkjarkakki 6 109 Reykjavík

Taupokar með tvöfalt hlutverk: Að stuðla að virkni flóttakvenna og verndun umhverfisins

Konurnar hittast í húsnæði Hjálpræðishersins í Mjódd á mánudögum frá kl. 10:00 – 13:00 og sauma þar fjölnota poka undir ávexti, grænmeti og aðrar vörur.

Hér er fyrsti pokinn tilbúinn.

Hjálparstarf kirkjunnar, Hjálpræðisherinn og Nettó starfa nú saman að verkefni sem hefur tvíþætt markmið: Að stuðla að aukinni virkni kvenna sem hafa leitað hælís á Íslandi en eru enn utan vinnumarkaðar annars vegar og hins vegar að stuðla að verndun umhverfisins með því að bjóða neytendum fjölnota taupoka sem konurnar sauma og munu fást endurgjaldslaut í verslunum Nettó og Hertex sem og í fataúthlutun Hjálparstarfsins.

Hjálparstarfið og Hjálpræðisherinn taka á móti hælisleitendum og flóttafólki sem leita aðstoðar hjá stofnunum. Ráðgjafar okkar hafa orðið varir við að konur sem bíða úrskurðar hælisumsóknar og þær sem nýverið hafa fengið hæli hér á landi en eru enn utan vinnumarkaðar hafa þörf fyrir virkni af einhverju tagi. Til að svara þeirri þörf höfum við ákveðið að bjóða konunum að taka þátt í saumaverkefni til verndar umhverfinu. Konunum býðst að sníða og sauma fjölnota innkaupapoka úr efni og / eða notuðum fatnaði sem almenningur hefur gefið okkur.

Hjálparstarf kirkjunnar starfar í anda hugmyndafræði um valdeflingu og leitast við að styðja fólk við að bæta félagslega stöðu sína og almenn lífsgæði. Einstaklingsmiðuð nálgun og notendastýrð þjónusta eru lykilverkfæri félagsráðgjafa Hjálparstarfsins sem leggja höfuðáherslu á að hlusta, ræða og reyna að

skilja einstaklingana sem til þeirra leita og vinna með þeim á forsendum þeirra sjálfra.

Í öllu starfi er markmiðið að fólk hafi fundið styrk sinn og getu til að takast á við erfiðar aðstæður og til að komast út úr félagslegri einangrun sem oft er fylgifiskur efnaleysis. Sérstök áhersla er lögð á starf í þágu barna og unglunga sem miðar að því að þau hafi sterka sjálfsmynd og séu virkir þátttakendur í samfélaginu.

Borðum saman er samstarfsverkefni Hjálparstarfsins og samfélags Ahmadiyya-múslima á Íslandi sem hófst í mars 2017. Markmiðið er að bjóða fólki sem býr við verulegan skort upp á kvöldmat og notalega stund í Grensáskirkju tvö kvöld í mánuði.

Í febrúar 2017 hófst samstarfsverkefni Fella- og Hólakirkju, Félags- og fjölskyldumiðstöðvarinnar í Gerðubergi, Hjálparstarfs kirkjunnar, Pepp Ísland og sjálfboðaliða í Breiðholti sem hlaut heitið *Breiðholtsbrúin*. Um er að ræða opið hús sem á vorönn 2017 var í Fella- og Hólakirkju fyrsta og þriðja mánudag í mánuði. Verkefnið heldur áfram í Breiðholtskirkju á haustönn 2017 en markmið þess er að fólk í hverfinu hittist, skiptist á að elda mat, borði og eigi góða samverustund. Hópurinn mótar dagskrána sjálfur.

10

margt smátt ... þakkar stuðninginn

Búvangur ehf
Jörvi hf, vinnuvélar
Kaupfélag Borgfirðinga
Matstofan ehf
Samtök sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi
Solo hársnyrtistofa sf
Traktorsverk ehf
Vélabær, bíla- og búvélaverkstæði

REYKHOLT
Garðyrkjustöðin Varmalandi

STYKKISHÓLMUR
Ásklif ehf
Bókhaldsstofan Stykkishólmi ehf

GRUNДАРÞJÓRÐUR
Grundarfjarðarbær

Soffanias Cecilsson hf
Suða ehf
Þjónustustofan ehf

ÓLAFSVÍK
Ferðaþjónustan Lýsuhóli
Steinrent ehf

HELLISSANDUR
Breiðavík ehf
Skarðsvík ehf

REYKHÓLAHREPPUR
Reykholahreppur
Þörungaverksmiðjan hf

ÍSAFJÓRÐUR
Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum

Gámaþjónusta Vestfjarða ehf
GG málningaráþjónusta ehf
Hamraborg ehf
Harðfiskverkun Finnþoga, s: 456 3250
Ísblikk ehf
Jón og Gunna ehf
Sjúkraþjálfun Vestfjarða
Verkstjórafélag Vestfjarða

BOLUNGARVÍK
Endurskoðun Vestfjarða ehf
Sigurgeir G. Jóhannsson ehf
Vélvirkinn sf

PATREKSFJÓRÐUR
Slaghamar ehf

TÁLKNAFJÓRÐUR
Bókhaldsstofan Tálknafirði

BÍLDUDALUR
Haðkalk ehf

ÞINGEYRI
Brautin sf

HÓLMAVÍK
Hólmaðrangur ehf

DRANGSNES
Grímsey ST2
Útgerðarfélagið Gummi ehf

HVAMMSTANGI
Steyrustöðin Hvammstanga ehf

BLÖNDUÓS
Blönduósbær
Húnavatnsreppur

Ísgel ehf
Stéttarfélagið Samstaða
Vilko ehf

SKAGASTRÖND
Vik ehf

VARMAHLÍÐ
Akrahreppur Skagafirði
Ferðaþjónustan Laufúni
Hestasport - Ævintýraferðir ehf

SIGLUFJÓRÐUR
Fjallabyggð

AKUREYRI
Almenna lögþjónustan ehf
Amaro heildverslun
Bifreiðaverkstæði Bjarnhéðins ehf

Ekkert barn útundan!

Hátt í sjö milljónir króna söfnuðust í haustsöfnun Hjálparstarfs kirkjunnar

Hjálparstarfið safnaði fyrir aðstoð við efnaminni foreldra í ágúst og september með valgreiðslukröfu í heimabanka landsmanna að upphæð 2.600 krónur en einnig með því að bjóða fólki að senda sms í símanúmerið 1900 með textanum **Styrkur** en þannig gjaldfærðust 1.300 krónur af símreikningi.

Fyrirtæki, félagasamtök og sóknir Þjóðkirkjunnar lögðu starfinu auk þess lið með rausnarlegu hætti.

Kærar þakkir fyrir stuðninginn!

Foreldrar um tvö hundruð barna fengu efnislegan stuðning í upphafi skólaárs

Skólataska, vetrarfátnaður, skór og stígvél, allt kostar þetta peninga svo ekki sé minnst á útgjöld vegna íþróttá- og tómstundastarfs sem falla til á haustin sem og kostnað vegna námsgagna þar sem greiða þarf fyrir þau.

Foreldrar grunnskólabarna sem búa við kröpp kjör hafa mörg undanfarin ár getað leitað stuðnings hjá Hjálparstarfi kirkjunnar við að útbúa börnin í skólann. Í skólabyrjun nú fengu 114 foreldrar 186 barna aðstoð hjá Hjálparstarfinu en það er svipaður fjöldi og fékk aðstoð haustið 2016. Aðstoð sem veitt er fer eftir aðstæðum hvers og eins en foreldrarnir fengu flestir inn eignarkort í ritfangaversluninni A4, sem og í Lindex og Hagkaupum til að versla skólafátnað.

Hjálparstarfið leggur áherslu á að hlúa að börnum sem búa við fátækt. Markmiðið er að þau geti styrkt sjálfsmynd sína sem aftur leiðir til aukinnar virkni og þátttöku í samfélaginu. Á síðasta starfsári fengu 53 börn og unglingar undir átján ára aldri styrk frá Hjálparstarfinu til íþróttaiðkunar, tónlistarnáms og tómstundastarfs.

Hjálparstarfið styrkir einnig ungmenni til náms sem gefur þeim réttindi til starfs eða veitir þeim aðgang að lánshæfu námi. Markmiðið er að rjúfa vítahring lítillar menntunar, lágra launa og viðvarandi fátæktar ungmenna. Á starfsárinu 2016 – 2017 fékk alls 51 ungmenni styrk til greiðslu skólagjalda í samtals 13 framhaldsskólum og fyrir bóka- og efniskostnaði. Flestir styrkir voru til náms í Tækniskólanum og Borgarholtsskóla. Meðalupphæð hvers styrkjar var um 33.000 krónur.



Aníta Mjöll Magnúsdóttir er í fyrsta bekk í grunnskóla. Hún er dóttir Sædísar Arnardóttur félagsráðgjafa Hjálparstarfsins og var andlit haustsöfnunar fyrir aðstoð við efnalítla foreldra í upphafi skólaárs. Aníta Mjöll er svo heppin að foreldrar hennar gátu leyft henni að velja sér skólatösku áður en hún byrjaði í skólanum. Hún var svo ánægð með töskuna að hún tók hana með sér hvert sem hún fór. Efnaleysi á ekki að hindra börn í námi eða í íþróttá- og frístundastarfi með jafnöldrum sínum.

Öll börn eiga að geta hlakkað til að byrja í skóla!



Fráfarandi formaður framkvæmdastjórnar Hjálparstarfs kirkjunnar, Ingibjörg Pálmadóttir (2. röð til vinstri) ásamt núverandi stjórn og framkvæmdastjóra: Gunnar Sigurðsson, nýkjörinn formaður (3. röð til hægri), Salóme Huld Garðarsdóttir (3. röð til vinstri), Hörður Jóhannesson (1. röð til hægri), Vigdís Valgerður Pálsdóttir (3. röð fyrir miðju) og Bjarni Gíslason framkvæmdastjóri (1. röð til vinstri). Á myndina vantar Pál Kr. Pálsson stjórnarmann en hann var nýfarinn af aðalfundi þegar myndin var tekin.



Gunnar Sigurðsson nýr formaður framkvæmdastjórnar Hjálparstarfsins

Á aðalfundi Hjálparstarfs kirkjunnar þann 23. september 2017 var Gunnar Sigurðsson, tölvufræðingur, kjörinn formaður framkvæmdastjórnar stofnunarinnar. Gunnar tekur við keflinu af Ingibjörgu Pálmadóttur sem gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu.

Í framkvæmdastjórn Hjálparstarfsins starfsárið 2017 – 2018 eru: Gunnar Sigurðsson, formaður, Páll Kr. Pálsson og Salóme Huld Garðarsdóttir. Varamenn í stjórn eru Hörður Jóhannesson og Vigdís Valgerður Pálsdóttir. Salóme og Vigdís eru nýjar í stjórn en auk Ingibjargar hvarf Lóa Skarphéðinsdóttir úr stjórn nú.

Á fundinum kynnti Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri, starfs-skýrslu síðasta starfsárs, frá júlí 2016 – júní 2017, ásamt starfs-

og fjárhagsáætlun 2017 – 2018. Hrafn Jökulsson sem hafði veg og vanda af landssöfnun til aðstoðar Grænendingum undir lok síðasta starfsárs sagði frá verkefninu og fékk lof fundarmanna fyrir störf sín.

Mættir fulltrúar voru 28 talsins og samþykktu þeir að næsti fundur fulltrúaráðs Hjálparstarfs kirkjunnar yrði haldinn fimmtudaginn 8. mars 2018 kl. 17 – 20.

12

margt smátt ... þakkar stuðninginn

Bilapartasalan Austurhlöð
Blikkrás ehf
Bútur ehf
Félag verslunar- og skrifstofufólks
Fóðurverksmiðjan Laxá hf
Gróðrarstöðin Réttarhóll ehf
-www.rettarholl.is
Gróðrarstöðin Sólsgógar ehf
Grófargil ehf
Hagvís ehf
Halldór Ólafsson, úr og skartgripir
Hlið hf
Hnýfill ehf
HSH verktakar ehf
Höldur ehf, bílaleiga
J M J Herradeild
Keahótel ehf
KG Sendibílar ehf
Kraffttag ehf

La Vita é Bella Veitingastaður
Ljósko ehf
Múrið ehf
Pípuþingabjónusta Bjarna F
Jónassonar ehf
ProMat Akureyri ehf
Rafmenn ehf
Raftákn ehf - Verkfræðistofa
Rakara- og hárstofan Kaupangi
Samherji ehf
Sjúkrahúsið á Akureyri
Skjaldarvík ferðabjónusta
Skóhúsið - Bónusskór
Stefna ehf
Steyppustöð Akureyrar ehf
Tímbra ehf, byggingarverktaki
Tréttak ehf
Veitingastaðurinn Krua Siam
Verkval ehf

GRENVÍK
Grýtubakkahreppur

GRÍMSEY
Ragnhildur Hjaltadóttir
Sigurbjörn ehf

DALVÍK
Hibýlamálun, málningarþjónusta ehf
Kussungur 2 ehf
Vélvirki ehf, verkstæði

ÓLAFSFJÖRDUR
Árni Helgason ehf, vélaverkstæði

HÚSAVÍK
Fatahreinsun Húsavíkur sf
Gistiheimilið Sigtún ehf
-www.gsigtun.is

Hólmfríður Eiríksdóttir
Kvenfélag Ljósveitinga
Norðurþing
Steinsteypir ehf
Vermir sf
Víkurráð ehf

LAUGAR
Gistiheimilið Stóru-Laugar, s: 464-2990
MÝVATN
Ásta Þ Lárusdóttir
Mývatn Tours
Vogar, ferðabjónusta

ÞÓRSHÖFN
Geir ehf

VOPNAFJÖRDUR
Ferðabjónustan Syðri-Vík

Símabær ehf

EGILSSTAÐIR
Bókráð, bókhald og ráðgjöf ehf
Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf
Laugarfell
Miðás ehf
Myndsmiðjan ehf
Rafey ehf
Skrifstofubjónusta Austurlands ehf

REYÐARFJÖRDUR
Fjarðabyggð
Hárstofa Sigríðar ehf
Rafveita Reyðarfjarðar
Tærgesen, veitinga- og gistihús

ESKIFJÖRDUR
Egersund Island ehf



Hrafn Jökulsson skipuleggjandi Vináttu í verki kynnti landssöfnunina og fyrirhugaða aðstoð við Grænlandinga á aðalfundi Hjálparstarfs kirkjunnar þann 23. september síðastliðinn og hlaut mikið lof fundarmanna fyrir eldhug sinn og eljusemi.

Yfir fjórtíu milljónir króna söfnuðust í landssöfnun til aðstoðar Grænlandingum

Landssöfnun til aðstoðar Grænlandingum í samstarfi Hjálparstarfs kirkjunnar, Hrósins og KALAK vegna hamfara í þorpinu Nuugaatsiaq á vesturströnd Grænlands aðfararnótt 18. júní var hrundið af stað strax þann 19. júní. Alls söfnuðust yfir fjórtíu milljónir króna og verður fénu ráðstafað í þágu íbúa Nuugaatsiaq í samstarfi við heimafólk og Rauða krossinn og er nú unnið að útfærslu aðstoðarinnar.

Fjórir fórust og gríðarlegt eignatjón varð þegar flóðbylgja reið yfir þorpið Nuugaatsiaq í Uummannaq-firði á Vestur-Grænlandi, aðfararnótt 18. júní. Íbúar Illorsuit sluppu naumlega við flóðbylgjuna, en íbúar þorpanna tveggja fá ekki að snúa heim í a.m.k. eitt ár vegna hættu á frekari hamförum. Alls eru því um 200 manns, þar af um 70 börn, heimilislaus í Uummannaq og Asiaat, sem eru stórir bæir á vesturströndinni. Mikið starf hefur verið unnið á Grænlandi við að búa fólkinu sem bestar aðstæður en verkefnið er stórt og flókið fyrir litla þjóð í stóru landi.

Hrafn Jökulsson skipuleggjandi söfnunarinnar sagði frá framkvæmd hennar og frá fyrirhugaðri aðstoð við þorpsbúa á aðalfundi Hjálparstarfsins þann 23. september síðastliðinn. Hrafn sagði að sérstök áhersla yrði lögð á að aðstoða börnin sem eru um 70 talsins. Framkomnar tillögur sagði Hrafn þannig snúast um barna- og æskulýðsstarf. Hrafn nefndi sem dæmi að enn væri skortur á leikskólum sem hefði þær afleiðingar að foreldrar kæmst ekki á veiðar eða í aðra vinnu. Hrafn taldi líklegast að frístundamiðstöð Rauða krossins yrði opnuð fyrir börn á svæðinu nú á næstunni.

Öll sveitarfélög á Íslandi, 74 talsins, lögðu sitt af mörkum sem og fyrirtæki og einstaklingar. Hrafn sagði hlýhug og viðbrögð Íslendinga og Færeyinga hafa verið bestu áfallahjálpar sem Grænlandingar hefðu getið fengið í kjölfar hamfaranna, að þjóðirnar tvær hefðu sýnt að þær væru Grænlandingum vinir í raun.





Auk þess að veita neyðaraðstoð og hjálpa fólki til sjálfshjálpar með valdeflandi verkefnum hefur Hjálparstarf kirkjunnar það að markmiði að auka almenna vitund um mannréttindi og mikilvægi sjálfbærni. Hjálparstarfið tekur því þátt í málavarastarfi innanlands og utan og vill stuðla að hnattrænni samstöðu um sjálfbæra þróun og jafnrétti.

Breytendur -Changemaker á Íslandi er hreyfing ungs fólks sem hefur það að markmiði að gera heiminn að sanngjarnari og réttlátari stað með jákvæðum aðgerðum. Hreyfingin er að norski fyrirmynd og starfar undir verndarvæng Hjálparstarfsins. Heimasiða Breytenda (et. Breytönd) er www.changemaker.is en hreyfingin heldur einnig úti Facebooksíðu. Guðjón Andri Reynisson er nýráðinn ritari í 20% starfshlutfalli og gegnir sem slíkur samhæfingarhlutverki milli hópa og heldur utan um verkefni.

Daniel Myer eru ungur maður sem starfar með Breytöndum. Hann brennur fyrir umhverfisvernd og sjálfbærni og telur að við

gætum öll gert betur í þeim efnum. „Það er ekki bara mikilvægt að endurvinna og flokka heldur þarf líka að koma í veg fyrir að úrgangur verði til. Við getum til dæmis nýtt matinn betur. Hver Íslendingur hendir um 2 kg af nýtanlegum mat í hverjum mánuði,“ segir hann og bætir við að ungir foreldrar geti einnig lagt sitt af mörkum í umhverfisvernd með því að nota fjölnota bleyjur.

„Svo eru til dæmis sogrör algerlega óþörf en samt er milljónum sogröra hent í ruslið í heiminum á hverjum degi. Það er svo einfalt að afþakka allt þetta plast og drekka bara af stút,“ segir Daniel og bætir við að einnig sé mikilvægt að endurvinna það plast sem við notum því plastið sem ekki sé endurnýtt endi að öllum líkindum á ruslahaugum eða úti í sjó þar sem dýr éti það eða festist í því. Daniel segir umhverfisvernd brýna fyrir allt líf á jörðinni og að þess vegna hljótum við öll að taka þátt í henni. „Eða erum við ekki öll í sama liði, þegar allt kemur til alls?“ spyr hann.

margt smátt ... þakkar stuðninginn

Slökkvitækjapjónusta Austurlands ehf

NESKAUPSTAÐUR

Síldarvinnslan hf
Tónspil ehf
Verkmenntaskóli Austurlands

STÖÐVARFJÖRDUR

Brekkan - Verslun og veitingastofa

DJÚPAVOGUR

Berunes farfluglaheimili ehf

HÖFN Í HORNAFIRÐI

AJTEL ICELAND ehf
Ferðapjónustan Árnanes
Framhaldsskólinn í A-Skaftafellsýslu
Króm og hvít ehf
Sveitafélagið Hornafjörður

Pingvað ehf, byggingaverktakar
Ögmund ehf

SELFOSS

Bífreiðaverkstæðið Klettur ehf
Eðalbyggingar ehf
Fossvélar ehf
Fræðslunetið - símenntun á Suðurlandi
Gesthús Selfossi, gistihús og tjaldsvæði
Gróðrarstöðin Ártangi ehf
Guðnabakari ehf
Jötunn vélar ehf
Kvenfélag Gnúperja
Kvenfélag Grímsneshrepps
Málarinn Selfossi ehf
Mjólnir, vörubílstjórufélag
Múrdeildin ehf, s. 899 2346

Pylsuvagninn Selfossi við brúarendann

Reykhóll ehf
Set ehf, röraverksmiðja
Snyrtistofan Eva ehf
Súperbygg ehf
Svavar Sveinsson
Sveitarfélagið Árborg
Tæki og tól ehf
Veitingastaðurinn Menam
Vélaverkstæði Póris ehf
Þingborg ullarvinnsla og verslun

HVERAGERÐI

Flóra garðyrkjustöð
Raftaug ehf

PORLÁKSHÖFN

Sveitarfélagið Ölfus
Porlákshafnarhöfn

ÖLFUS

Eldhestar ehf
Ferðapjónustan Núpum-www.nupar.is

LAUGARVATN

Menntaskólinn að Laugarvatni

FLÚÐIR

Ásgerði II ehf
Hitaveita Flúða og nágrennis

HELLA

Bílaverkstæðið Rauðalæk ehf

HVOLSVÖLLUR

Kvenfélagið Freyja
Rafverkstæði Ragnars ehf
Rangárþing eystra

VÍK

Hópferðabílar Suðurlands sf
Mýrdalshreppur
Mýrdælingur ehf

KIRKJUBÆJARKLAUSTUR

Geirland ehf, hótél og veitingarekstur
Hótél Laki ehf
Skaftárhreppur

VESTMANNAEYJAR

Bergur-Huginn ehf
Bílaverkstæði Sigurjóns
Bragginn sf, bílaverkstæði
Eyjablíkk ehf
Gröfupjónustan Brinks ehf
Huginn ehf
Miðstöðin ehf
Ós ehf



Fermingarbörn ganga í hús með bauk Hjálparstarfs kirkjunnar og safna fé til þess að fjölskyldur í Eþíópíu hafi aðgang að vatni og geti bætt afkomu sína og lífsmöguleika. Framlag íslenskra fermingarbarna er ómetanlegt en með þátttöku sinni í fjáröfluninni sýna þau mikinn samhug og náungakærleik.

Börn í fermingarfræðslu

um land allt safna fyrir vatni frá 6. – 10. nóvember

Börn í fermingarfræðslu munu ganga í hús um land allt dagana 6. - 10. nóvember næstkomandi með söfnunarbauk Hjálparstarfs kirkjunnar í hönd og safna fyrir vatnsverkefnum Í Afríku. Áður en börnin fara af stað fræðast þau um verkefnið og um gildi samhjálpar og náungakærleiks.

Í fyrra voru börn í 62 prestaköllum með í fjáröfluninni og söfnuðu þau 8.139.278 krónum til starfsins. Börn í fermingarfræðslu hafa lagt sitt af mörkum með fjáröflun fyrir Hjálparstarfið með þessum hætti síðan árið 1998 og nemur heildarframlag þeirra á liðnum 18 árum um 112 milljónum króna. Prestar, annað starfsfólk kirkna, foreldrar og síðast en ekki síst börnin sjálf hafa frá upphafi lagt á sig mikla vinnu við söfnunina og er framlag þeirra ómetanlegt.

Takk fyrir að taka vel á móti þeim þegar þau banka upp á!



Hjálparstarf kirkjunnar veitir fermingarbörnum fræðslu um aðstæður fólks sem býr við mikinn skort og þá hjálp til sjálfs-hjálpar sem veitt er. Í október í fyrra komu Million Shiferaw og Ahmed Nur Abib frá Eþíópíu til Íslands til að segja börnum og unglingum frá aðstæðum heima fyrir og frá starfinu með fátækum sjálfsþurftarbandum á þurrkasvæðum. Með þeim á myndinni er Bjarni Gíslason framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar.





GJÖF SEM GEFUR

„Elsku systir, þú hefur gefið fjölskyldu í Afríku vatnsbrunn“.

Með gjafabréfi á gjofsemgefur.is geturðu styrkt bágstadda fjölskyldu á Íslandi eða erlendis um nauðsynjar. Gefðu frumlega og skemmtilega gjöf sem getur breytt miklu fyrir fólk sem þarf á aðstoð að halda.

